

Skipulagsstofnun  
Matthildur B. Stefánsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2018  
UST201803-250/R.K.  
10.05.00

### **Efni: Matskyldufyrirspurn– Kláfur upp á Skálafell. Umsögn**

Vísað er í bréfs Skipulagsstofnunar er barst dags. 15. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Helstu umhverfisáhrif eru talin vera á landnotkun, gróður, vatnafar og ásynd svæðis.

#### **Framkvæmdarlýsing**

Ráðgert er að reisa kláf með farþegaklefum (gondólum) frá rótum Skálafells og upp á topp, 2 km leið og hækkun upp á 400 m, ásamt þjónustustöðvum við báðar endastöðvar skv. lýsingum í greinagerð (bls. 11). Kláfurinn samanstendur af 12 möstrum, 7-15 m há, auk endamastra og lagður verður vegslóði upp fjallið til að flytja að byggingarefni. Áætlað aðstöðusvæði hvers masturs er talið vera að hámarki 200 m<sup>2</sup>. Einnig er gert ráð fyrir móttöku ferðamanna auk veitingahúss samtengt toppstöð kláfsins. Gert er ráð fyrir að afkastageta lyftunnar verði um 1.200 manns á klukkustund.

#### **Skipulag og núverandi nýting**

Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem „óbyggt svæði“ og „opið svæði“ líkt og bent er á í svari Skipulagsstofnunar (dags. 12. júní 2017) og hefur erindið fengið viðkomandi málsmeðferð innan borgarinnar. Ljóst er að breyta þarf deiliskipulagi en óvíst er hvort breyta þurfi aðalskipulagi vegna framkvæmdar. Þetta var staðfest af starfsmanni umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur sem Umhverfisstofnun hafði samband við. Með núverandi áformum eru öll mannvirki innan sveitarfélagamarka Reykjavíkur og því eingöngu þörf á að taka tillit til skipulagsmála Reykjavíkurborgar skv. greinagerð (bls. 8), en áður stóðu mannvirki innan sveitarfélagamarka Kjósarhrepps.

Óljóst er á þessu stigi skipulagsferlis hve stór mannvirki verða reist á svæðinu skv. greinagerð (bls.12). Við breytingu á deiliskipulagi mun Umhverfisstofnun veita umsögn og telur stofnunin eðlilegt að á því stigi sé skýrt hvort samræma eigi áform og reisa 2.000 m<sup>2</sup> sameiginlega þjónustumiðstöð, á tveimur til þremur hæðum, eða reisa minni stöð á

bilinu 300-500 m<sup>2</sup> og þ.a.l. fjölga byggingum. Auk þess er æskilegt að stærð bílastæða sé ljós við tillögu að breytingu deiliskipulags að mati stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun tekur undir með greinagerð (bls. 7) um að þar sem svæðið er innan útivistarsvæðisins „Græna trefilsins“, skv. aðalskipulagi, verði land ekki lagt undir starfsemi umfram það sem nauðsyn ber og ekki verði reist mannvirki sem spilla umhverfinu. Kláfur, sem frekari uppbygging tengd útivist eða annarri afþreyingu fyrir ferðamenn og skíðafólk, fellur hins vegar ágætlega að forsendum skipulags svæðisins að mati Umhverfisstofnunar.

### Umhverfisáhrif

Svæðið nýtur ekki verndar svk. lögum og er ekki á náttúruminjaskrá. Töluvert er búið að byggja upp á svæðinu, bæði í og við fjallið, og ber landið sem útivistarsvæði, skýr merki um aðkomu mannsins. Má nefna fimm skíðalyftur, þjónustuskálar og geymslur, lyftuhús, tvær skíðagöngubrautir (hjólagarður á sumrin), auk bílastæða og vega. Þar að auki eru tvö hús og fjarskiptamastur Mílu og RÚV á toppi Skálafells skv. greinagerð (bls. 2). Þar með er svæðið þó nokkuð raskað vegna starfsemi og er verndargildi svæðisins, gagnvart frekari uppbyggingu, í samræmi við það. Umhverfisstofnun telur að uppbygging kláfs á svæðinu muni því ekki hafa umtalsverð neikvæð áhrif á ásýnd svæðis umfram þau áhrif sem núverandi mannvirki hafa. Mikilvægt er að öll mannvirki á svæðinu falli vel að landslagi að mati stofnunarinnar. Þetta á sérstaklega við um mannvirki staðsett á toppi Skálafells, þar sem þær byggingar verða mjög sýnilegar sökum staðsetningar.

Um 107.000 m<sup>2</sup> af landi mun raskast við lagningu kláfs líkt og fram kemur í greinagerð (bls. 18). Þá kemur fram að ekki liggi fyrir nýlegt gróðurkort af Skálafellssvæðinu (bls. 16) en framkvæmd var greining vistgerða, sjá mynd 5.3 í greinagerð, með hjálp vistgerðakorts Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ). Umhverfisstofnun telur að við þá umfjöllun hefði einnig mátt taka fram verndargildi hvernar vistgerðar. Skv. greinagerð samanstanda 53,4% svæðisins af eyðimerkurvist, urðarskriðuvist og hraungambravist og hafa þau lágt til miðlungs verndargildi skv. fjölriti NÍ (2016). Ljóst er að gróður mun raskast við lagningu vegslóða, mastra, og mögulega göngustígs. Í fjallshlíðinni er að finna vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi (m.a. starungsmýravist og tjarnastararflóavist) en vistgerðir í þeim flokkum eru ekki hlutfallslega stór partur af svæðinu, eða 9.675 m<sup>2</sup> sem gerir 9,2% af röskuðu svæði. Tekið er fram í greinagerð að sáð verði í röskuð svæði (bls. 19). Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að uppgræðsla svæðis sé með staðargróðri til að lágmarka áhrif uppbyggingar á vistgerðir svæðisins eftir að framkvæmdum líkur. Mælir stofnunin með því að svarðlagi verði haldið til haga svo hægt sé að nýta þær við frágang svæðis. Slík vönduð vinnubrögð eru sérstaklega mikilvæg á þeim svæðum þar sem þéttleiki vistgerða með hátt og mjög hátt verndargildi er mikill að mati Umhverfisstofnunar. Bæði til þess að lágmarka áhrif á ásýnd svæðis auk þess að vernda gróðurvistir með umtalsvert verndargildi.

Fram kemur í greinagerð að um er að ræða efnisþörf sem nemur alls um 15.000-20.000 m<sup>3</sup> en óákveðið hvaðan efnið mun koma (bls. 14). Við frágang efnistökusvæða bendir Umhverfisstofnun á vefsíðuna [www.namur.is](http://www.namur.is) þar sem finna má gagnlegar upplýsingar um efnistöku, frágang efnistökusvæða og uppgræðslu. Telur Umhverfisstofnun almennt mikilvægt að gengið verði frá efnistökusvæðum svo landið beri sem minnst merki um námuvinnslu.

Vatnsöflun verður með safntanki og miðlunartönkum líkt og tíðkast í dag, og verður vatn flutt upp á topp um veginn eða með lyftunni skv. greinagerð (bls. 13). Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Gæta þarf þess að komið sé í veg fyrir olíusmit frá vinnuvélum við uppsetningu mastranna, eftir bestu getu, að mati Umhverfisstofnunar.

### Niðurstaða

Neikvæð áhrif framkvæmda á svæðið verða mest á gróður og ásýnd að mati Umhverfisstofnunar en með mótvægisáðgerðum og vönduðum vinnubrögðum má takmarka þau áhrif að talsverðu leyti. Með tilliti til ofangreindra atriða, eðli framkvæmdar og núverandi starfsemi á svæðinu, telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason  
Teymisstjóri

